

Alþingi
Erindi nr. P 142/41
komudagur 19.6.2013

Nefndasvið Alþingis
Bt. Allsherjar- og menntamálanefndar
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 19. júní 2013

Efni: Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991 (flýtimeðferð) 2. mál, lagt fyrir 142. löggjafarþingi 2013.

Með tölvubréfi 13. júní s.l. frá nefndasviði Alþingis sendi allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis laganefnd Lögmannafélags Íslands til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991 með síðari breytingum (flýtimeðferð), sem var lagt fyrir 142. löggjafarþingi 2013 sem 2. mál. (hér eftir vísað til sem „frumvarpsins“). Umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands er eftirfarandi.

A. Samantekt.

1. *Að mati laganefndar er regla frumvarpsins of almenns eðlis miðað við þau markmið sem ráða má af greinargerð með frumvarpinu að stefnt sé að. Til að tryggja að mál sem frumvarpinu er ætlað að taka til fái raunverulega flýtimeðferð er að mati laganefndar hentugra að vísa um meðferð til XIX. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 um flýtimeðferð. Þá væri eðlilegt að takmarka umrædda heimild til flýtimeðferðar við mál sem eru talin hafa almennt fordæmisgildi.*
2. *Í því sambandi vekur laganefnd athygli á að flýtimeðferð dómsmála auðveldar ein og sér vart úrlausn allra tilvika, enda kunna lántakar oft að standa frammi fyrir öðrum og veigameiri hindrunum en málshraða fyrir dómi.*

B. Frumvarpið.

3. Með 1. gr. frumvarpsins er lagt til að við þau bætist ákvæði til bráðabirgða. Samkvæmt því þá skal „hraða meðferð“ dómsmála sem lúta að „lögmati þess að binda fjárskuldbindingu við gengi erlendra gjaldmiðla eða vísitölu eða uppgjöri slíkra skuldbindinga.“ Með 2. gr. er lagt til að lögin öðlist þegar gildi og falli úr gildi 1. janúar 2015.
4. Þeim hagsmunum sem frumvarpinu er ætlað að tryggja er lýst í greinargerð. Þar segir m.a. að niðurstöður dómstóla í málum af þessum toga hafi „undanfarið“ verið fordæmisgefandi „að miklu leyti“. Þó séu „ýmis ágreiningsatriði óleyst“ og álitíð mikilvægt að niðurstaða í þeim fáiist „hið fyrsta“.

5. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir því að mál sem undir það falli séu rekin eftir XIX. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 (hér eftir vísað til sem „**einkamálalaga**“ eða „**eml.**“) sem fela í sér ákvæði um flýtimeðferð einkamála. Þess í stað er ætlun þess að veita dómara heimild til að veita málum sem þessum „forgang fram yfir önnur mál sem bíða meðferðar hjá dómstólum“. Þá eigi dómari að sjá til þess að „allir frestir í máli séu eins stuttir og mögulegt er og að dómur sé kveðinn upp hið fyrsta“.

C. Núgildandi lög.

6. Meginregla einkamálalaga er sú að hraða ber málum eftir föngum. Markmið þeirrar reglu er að sporna við því að mál dragist á langinn. Þessi regla gildir án tillits til vilja málsaðila. Þessarar meginreglu má sjá stað í ákvæðum 2. mgr. 99. gr., 2. mgr. 102. gr., 4. mgr. 102. gr. og 103. gr. eml.
7. Þá fela lögin í sér reglur um t.d. fresti sem þjóna þessu sama markmiði. Þannig er t.d. almennur frestur til að gagnstefna einn mánuður frá þingfestingu stefnu, sbr. 2. mgr. 28. gr. eml., frestur til að kæra úrskurð héraðsdóms er tvær vikur, sbr. 1. mgr. 144. gr. eml., og frestur til að áfrýja dómi héraðsdóms eru þrjú mánuðir, sbr. 1. mgr. 153. gr. eml.
8. Í XIX. kafla eml. er að finna ákvæði sem víkja að flýtimeðferð einkamála. 1. mgr. 123. gr. laganna heimilar þannig aðila að óska eftir flýtimeðferð máls „vegna ákvörðunar eða athafnar stjórnvalds eða verkfalls, verkbanns eða annarra aðgerða sem tengjast vinnudeilu.“ Skilyrði þess er að „brýn þörf“ sé á „skjóttri úrlausn“ sem hafi „almenna þýðingu eða varði stórfellda hagsmunum hans.“
9. Fáí mál flýtimeðferð samkvæmt XIX. kafla eml. leiðir af því að dómara er heimilt að ákveða styttri stefnufrest en ella. Af því leiðir að tíminn frá birtingu stefnu og til þingfestingar máls getur styst verulega og stytur orðið sólarhringur, sbr. 4. mgr. 123. gr. eml. Þá er stefna „að jafnaði“ þingfest utan reglulegs dómþings, sbr. 4. mgr. 123. gr. eml. Fresti skal aðeins veita að „brýna nauðsyn“ beri til, sbr. 1. mgr. 124. gr. eml. Þá er mælt fyrir um færri fyrirtökur máls sem sætir flýtimeðferð, sbr. 1. mgr. 124. gr. eml. Frestur til að kveða vitni er styttri og kveða skal upp dóm „svo fljótt sem verða má“ eftir dómtöku. Hin almenni frestur til að skila greinargerðum í kærumálum er stytur úr viku í þrjú sólarhringa og frestur til að áfrýja máli er stytur úr þremur mánuðum í þrjár vikur. Þá skuli frestir í máli fyrir Hæstarétti vera „svo skammir sem verða má“.

D. Athugasemdir og tillögur.

a. Ákvæði 1. gr. frumvarpsins er of almenns eðlis

10. Laganefnd telur texta frumvarpsins of almenns eðlis. Verður að telja það afar óheppilegt með hliðsjón af því að einkamálalög fela í sér nákvæmar reglur um það hvernig meðferð máls skuli háttað. Um meðferðina gilda lögbundnir frestir og halda skal fyrirtökur eins og lögin mæla fyrir um. Almennt orðað ákvæði frumvarpsins um að „hraða“ skuli meðferð tiltekinna mála geta vart neinu breytt um þau atriði. Slíkt ákvæði felur tæpast í sér meira en áréttingu á meginreglu einkamálalaga sem þegar gildir.

b. Frumvarpið ekki líklegt til að ná markmiði sínu

11. Laganefnd telur ólíklegt að frumvarpið nái markmiði sínu. Héraðsdómstólar halda regluleg dómþing í því skyni að þingfesta ný mál. Vegna fjölda mála hafa dómara sem stýra þessum dómþingum lítil tækni á að kynna sér efni einstakra mála og meta hvort efni standi til að veita þeim „förgang“ svo notað sé orðalag greinargerðar með frumvarpinu.
12. Eftir að greinargerð hefur verið skilað getur dómari vissulega tekið afstöðu til þessa. Dómari verður hins vegar að gæta þess að nægjanlegur frestur gefist til gagnaöflunar. Við ákvörðun um slíka fresti þarf hann að veita og meta hagsmunir aðila af að upplýsa mál. Slíkir hagsmunir eru almennt taldir þýðingarmiklir og hætt er við að almennt ákvæði um „hraða“ skuli meðferð málsins breyta litlu þar um, sérstaklega þegar ákvæðið er borið saman við orðalag ákvæða XIX. kafla eml. um að frestir skuli aðeins veittir í þeim mæli sem „brýna nauðsyn“ ber til.
13. Hitt kann þó að vera að ákvæðið geti orðið dómurum hvatning til að endurskipuleggja áætlanir sínar og setja aðalmeðferð máls fyrr á dagskrá en ella. Slíkt getur haft nokkra þýðingu því dæmi eru um að margir mánuðir líða frá því að gagnaöflun er lýst lokið þar til aðalmeðferð fer fram. Á hinn bóginn verður að horfa til þess að röskun á slíkum áætlunum getur haft víðtæk áhrif og óvíst hversu dómara munu víkja frá þeim þegar á reynir, ekki síst vegna jafn almenns ákvæðis.

c. Frumvarpið tekur ekki tillit til vilja málsaðila

14. Laganefnd telur óheppilegt að ekki sé tekið tillit til vilja málsaðila sjálfra með þeirri leið sem farin er í framlögðu frumvarpi. Til samanburðar má geta þess að ákvæði XIX. kafla eml. byggja hins vegar á því sjónarmiði að málshefjandinn sjálfur leiti flýtimeðferðar. Flýtimeðferð máls setur nefnilega ekki aðeins þrýsting á dómara og gagnaðila um að flýta meðferð máls, slík meðferð setur einnig þrýsting á stefnanda sjálfan og lögmann hans.

d. Flýtimeðferð skiptir mestu fyrir fordæmisgefandi mál

15. Telja verður að frumvarpinu sé fyrst og fremst ætlað að stuðla að því að flýta meðferð mála sem hafi fordæmisgildi fyrir önnur mál. Skjót úrlausn slíkra mála kann enda að auðvelda uppgjör annarra mála utan réttar og stuðla að enn frekari skýringu á réttarstöðu aðila hvað þennan málaflokk varðar. Fljótt á litið virðast hafa fallið hátt á þriðja tug Hæstaréttardóma um gengistryggðar skuldbindingar frá árinu 2010. Ætla má að þegar hafi verið leyst úr ýmsum veigamiklum álitamálum sem tengjast nefndum lánsskuldbindingum. Þrátt fyrir það verður ekki útilokað að dómara með nokkurt fordæmisgildi eigi enn eftir að falla.
16. Með hliðsjón af þessum tilgangi verður að telja að frumvarpið skilgreini mál sem eiga að njóta förgangs með of víðtækum hætti. Þannig gerir frumvarpið engan greinarmun á hvort að mál kunni að hafa almennt (fordæmis)gildi fyrir önnur mál, eða hvort um takmarkatilvik sé að ræða sem hafi ekkert almennt gildi. Erfitt er að sjá hvaða sérstöku hagsmunir tengjast því að takmarkatilvik hljóti flýtimeðferð. Fyrir dómi eru rekin ýmis mál sem gjarnan varða málsaðila miklu og veigamikil rök mæla gegn því að einum málaflokki sé gert hærra undir höfði en öðrum; förgangur eins máls leiðir til tafa á öðrum.

e. Flýtimeðferð dómsmála ein og sér eyðir ekki allri óvissu

17. Frumvarpið getur eitt og sér ekki leyst úr allri óvissu á þessu sviði. Atvik í sumum málum eru sérstök og til staðar eru takmarkatilvik. Ekki er við öðru að búast en lánveitendur meti slík takmarkatilvik með hliðsjón af sínum eigin hagsmunum,

a.m.k. í mörgum tilvikum. Þótt fyrir liggi fordæmi sem slái öllum helstu sjónarmiðum föstum er þannig ekki þar með sagt að slíkt leiði til uppgjors allra tilvika. Í takmarkatilvikum eru lántakar líklega knúnir til að fara með mál sín fyrir dóm.

18. Þá má geta þess að aðrar og veigameiri hindranir en málshraði kunna að standa því í vegi að dómsmál verði höfðuð vegna tilvika tengdum lögmæti þess að binda fjárskuldbindingu við gengi erlendra gjaldmiðla eða vísitölu eða uppgjöri slíkra skuldbindinga. Skiptir þar máli sá aðstöðumunur sem kann að vera á lánveitanda og lántaka m.a. vegna annarra krafna lánveitanda á lántaka, skortur á fjárhagslegum burðum lántaka að standa undir kostnaði af málsókn o.s.frv. Frumvarpið tekur ekki á slíkum hindrunum.

f. Tillaga til breytinga á frumvarpinu

19. Með hliðsjón af framansögðu leggur laganefnd Lögmannafélags Íslands til eftirfarandi breytingu á 1. gr. frumvarpsins:
20. Í stað orðanna „og skal þá hraða meðferð slíks máls“ komi „og skal þá stefnanda heimilt að óska þess að mál sæti málsmeðferð eftir reglum XIX. kafla laganna, enda geti úrlausn þess haft almenna þýðingu.“
21. Þá bætast þrír nýir málsliður: „Stefnda í slíku máli skal heimilt við þingfestingu máls að óska þess að mál sæti upp frá því meðferð eftir reglum kafla XIX. kafla laganna. Ef beiðni berst um slíkt gefur forstöðumaður dómstóls þó gagnaðila kost á að tjá sig um hana áður en afstaða er tekin til hennar. Ákvörðun um að synja beiðni stefnda um flýtimeðferð samkvæmt þessu sætir ekki kærur til Hæstaréttar.“
22. Þar sem um sértæka heimild er að ræða vegna óvenjulegra aðstæðna gerir laganefnd engar athugasemdir við 2. gr. frumvarpsins.
23. Loks bendir laganefnd á að eðlilegt væri að sameina 1. og 2. gr. frumvarpsins í eitt ákvæði til bráðabirgða í tveimur málsgreinum.

Virðingarfyllt,

f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Reimar Pétursson hrl.